

Viðmiðunarreglur í verkfalli Félags leikskólakennara

Sé ekki farið að þessum viðmiðunarreglum gæti það verið túlkað sem verkfallsbrot.

- Ekki er heimilt að taka börn inn á deildir þar sem deildarstjórinn er í Félagi leikskólakennara. Þær deildir eru lokaðar.
- Ef deildarstjóri er ekki í Félagi leikskólakennara má sú deild taka við börnum sem skráð eru á þá deild, ekki af öðrum deildum.
- Ef deildarstjóri er í Félagi stjórnenda leikskóla (t.d. aðstoðarleikskólastjóri) má sú deild taka við börnum sem skráð eru þar, ekki af öðrum deildum. Ef deildarstjórinn er í 50% starfi, má deildin einungis taka við börnum hálfan daginn.
- Ef starfsmaður sem er félagi í FL starfar á deild þar sem deildarstjóri er ekki í verkfalli, fækkar börnum á deildinni sem því nemur(miðað við barngildisútreikninga).
- Ef félagsmaður í Félagi leikskólakennara er yfirmaður í frístund/skólavistun í grunnskóla eða sambærilegri stofnun, er frístund/skólavistun ekki heimilt að taka á móti börnum á meðan á verkfalli stendur.
- Námsferðir í verkfalli eru túlkaðar sem verkfallsbrot.
- Námskeið og önnur símenntun í verkfalli er túlkað sem verkfallsbrot.
- Starfsmönnum leikskóla sem verkfallið nær EKKI yfir, er óheimilt að taka eigin börn með sér í leikskólann á meðan verkfallið stendur, sé deild barnsins lokuð.
- Félagar í Félagi leikskólakennara sem eru í orlofi ef verkfall skellur á, detta út af launaskrá. Viðkomandi heldur orlofsrétti sínum og getur annað hvort farið í orlof eftir að verkfalli lýkur eða fengið orlofið greitt samkvæmt samkomulagi við vinnuveitanda.
- Félagar í Félagi leikskólakennara sem eru í veikindaleyfi ef verkfall skellur á, detta út af launaskrá á meðan verkfallið stendur. Þann tíma eru þeir þ.a.l. ekki að nýta veikindarétt sinn.
- Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til þeirra sem eru í fæðingarorlofi haldast óbreyttar í verkfalli.

Samþykkt í stjórn FL 10. ágúst 2011 og yfirfarið af lögfræðingi KÍ.